



Starfskjarastefna Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

1. Almenn

Í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutfélög ber stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. („Harpa“) að samþykkja starfskjarastefnu varðandi laun og aðrar greiðslur til stjórnar félagsins sem og annarra starfsmanna.

2. Tilgangur

Starfskjarastefna Hörpu miðar að því að Harpa sé samkeppnishæf og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk í þeim tilgangi að tryggja áframhaldandi vöxt og velgengi félagsins. Starfskjarastefnan nær til helstu grundvallaratriða í starfs- og launakjörum stjórnarmanna og annarra starfsmanna. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

3. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmenn skulu fá greidda fasta mánaðarlega þóknun fyrir störf sín. Þóknun stjórnarmanna þeirra skal ákveðin á aðalfundi ár hvert svo sem kveðið er á um í 79. gr. a laga um hlutfélög.

4. Starfskjör starfsmanna

Starfskjör starfsmanna Hörpu skulu vera samkeppnishæf við sambærileg fyrirtæki og miðast við þann markaðshóp sem hver starfsmannahópur tilheyrir. Tekið er tillit til frammistöðu við ákvarðanir um stöðuveitingar, launabreytingar og aðra umbun starfsmanna.

5. Önnur hlunnindi

Stjórn félagsins er óheimilt að greiða eða umbuna stjórnendum og stjórnarmönnum til viðbótar grunnlaunum með eftirfarandi hætti:

- a. Afhendingu hluta.
- b. Árangurstengdum greiðslum.
- c. Hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslum sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.
- d. Lánasamningum.
- e. Starfslokasamningum við stjórnarmenn.

6. Upplýsingagjöf

Á aðalfundi félagsins skulu hluthafar upplýstir um heildarférhæð greiddra launa til stjórnarmanna og forstjóra á liðnu starfsári sem og starfslokagreiðslur ef einhverjar eru.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu félagsins.

AS
u
ph
GAP





7. Samþykkt starfskjarastefnu

Þessi starfskjarastefna Hörpu er leiðbeinandi fyrir félagið og stjórn þess mæli lög ekki fyrir um annað og tekur í aðalatriðum til þeirra þátta sem nefndir eru hér að ofan. Starfskjarastefnuna skal samþykkja á aðalfundi félagsins með eða án breytinga. Frávik frá starfskjarastefnunni skulu rökstudd sérstaklega í hverju tilviki í gerðarbók félagsstjórnar.

Þannig samþykkt í stjórn Hörpu 19. des 2018


Þorður Sverrisson
Stjórnarformaður


Vilhjálmur Egilsson
Varaformaður stjórnar


Arna Schram
Stjórnarmaður


Árni Geir Pálsson
Stjórnarmaður

Aðalheiður Magnúsdóttir
Stjórnarmaður